

A stylized blue figure with arms raised, set against a background of a sunset over the ocean. The figure is composed of a solid blue circle for the head and two curved, tapering lines for the arms, which extend upwards and outwards. The background features a gradient from light blue at the top to orange and red at the horizon, with the ocean's surface reflecting these colors in a shimmering pattern.

**Ársskýrsla
Heilsugæslu
höfuðborgarsvæðisins
2018**

Formáli forstjóra

Það er gleðiefni hve margir mikilvægir áfangar hafa náðst í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) á árinu 2018 og af mörgu að taka þegar litið er yfir verkefni ársins.

Á grundvelli aðgerðaáætlunar heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál var ráðist í verkefni tengd aukinni geðheilbrigðisþjónustu. Ráðnir voru fleiri sálfræðingar til heilsugæslunnar og Geðheilsuteymi HH vestur var sett á laggirnar.

Unnið var markvisst að því að bæta aðgengi að heilsugæslunni og einnig var mikil aukning í rafrænum samskiptum við notendur þjónustunnar í gegnum Mínar síður á Heilsuveru. Heimsóknnum á þekkingarvef Heilsuveru hefur einnig fjölgað mikið og vefurinn orðinn þekktur meðal almennings.

Við Heimahjúkrun HH var stofnað endurhæfingarteymi sem vinnur að því að auka sjálfshjálpargetu einstaklinga í verkefnum daglegs lífs og möguleika á að dvelja lengur á eigin heimili þrátt fyrir öldrun eða sjúkdóma.

Lögð voru fyrstu drög að samstarfi milli Landspítala og heilsugæslunnar sem tryggja á að veitt sé rétt þjónusta á réttum stað til hagsbóta fyrir skjólstaðinga heilbrigðiskerfisins. Starfsfólk heilsugæslunnar hefur unnið markvisst að margvíslegum verkefnum til bættrar þjónustu við notendur og mun halda áfram á þeirri braut árið 2019.

Í lok ársins urðu breytingar í framkvæmdastjórn HH. Svanhvít Jakobsdóttir sem sinnt hefur starfi forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2008 lauk störfum sínum fyrir heilsugæsluna. Þórunn Ólafsdóttir sem hefur verið framkvæmdastjóri hjúkrunar frá árinu 1999 lauk einnig störfum á árinu. Svanhvít og Þórunn unnu ötullega að eflingu heilsugæslunnar og aukinni þjónustu. Þeim eru því þökkud vel unnin störf.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra hjúkrunar og tók sæti í framkvæmdastjórn en þar voru fyrir Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar, Svava K. Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs og nýliðunar og undirritaður sem var þá framkvæmdastjóri lækninga.

Fyrsti ársfundur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verður haldinn 28. maí 2019. Við erum stolt af heilsugæslunni og bjartsýn á að árið 2019 verði ár framfara og aukinnar þjónustu.

Óskar S. Reykdalsson forstjóri

Helstu tíðindi árið 2018

Nýjungar í þjónustu

Þjónusta Geðheilsuteymis HH vestur hófst 17. september en formleg opnun starfsstöðvarinnar var 20. nóvember. Verkefni frá Geðheilsu-eftirfylgd fluttust yfir í hið nýja teymi. Geðheilsuteymi HH austur (áður Geðheilsustöð Breiðholts), flutti á árinu til bráðabirgða í húsnæði Heilsugæslunnar Grafarvogi. Geðheilsuteymi HH suður er svo á áætlun 2019. Hvert teymi sinnir 75.000 manna svæði. Markmið teymanna er að veita meðferð og stuðning þeim sem hafa þörf fyrir sérhæfðari meðferð til skamms tíma og þeim einstaklingum sem eiga við flóknari og/eða fjölbættari vanda að stríða. Einnig ráðleggja teymin heilsugæslustöðvum varðandi meðhöndlun geðsjúkdóma og forgangsröðun.

Það er vitað að þriðjungur fullorðinna sem sækja þjónustu heilsugæslustöðva á fyrst og fremst við geðheilsuvanda að stríða. Það er því mikilvægt að geðheilsugæsla sé hluti af grunnheilsugæslu. Því er ánægjulegt að heilbrigðisyfirvöld hafa lagt mikla áherslu á að bæta þjónustu á þessu sviði.

Mikil aðsókn er að sálfræðiþjónustu heilsugæslunnar, bæði fyrir börn og fullorðna. Sálfræðingar á stöðvum sinna greiningu og meðferð á geðrænum vanda, einstaklings- og hópmeðferð ásamt námskeiðahaldi, þróunarstarfi og starfsþjálfun nema.

Markmiðið er að allir fái þjónustu innan 3ja mánaða. Mismunandi er á milli stöðva hve biðin hefur verið löng eftir barnasálfræðingi en hefur orðið lengst 3 til 6 mánuðir. Biðtími hefur verið lengstur þar sem barnasálfræðingar eru í hlutastarfi en á árinu 2018 störfuðu barnasálfræðingar á öllum stöðvum í 12.6 stöðugildum. Sálfræðiþjónusta fyrir fullorðna var í boði á 7 stöðvum árið 2018. Þar hefur bið eftir þjónustu verið svipuð og hjá barnasálfræðingum og biðin lengst þar sem sálfræðingar eru í hlutastarfi. Á þessum 7 stöðvum HH störfuðu sálfræðingar í 4.3 stöðugildum árið 2018.

Þessi innleiðing sálfræðiþjónustu í heilsugæslu hefur gengið vel á heildina litið en enn er verk að vinna. Í aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára frá árinu 2016 kemur fram að aðgengi að gagnreyndri meðferð sálfræðinga við algengustu geðröskunum, svo sem þunglyndi, kvíðaröskunum og áfallastreitu, sé á 50% heilsugæslustöðva í árslok 2017 og á 90% heilsugæslustöðva í lok árs 2019. Auka þarf stöðugildi sálfræðinga þar sem við á og efla þverfaglega teymisvinnu með það að markmiði að auka aðgengi að gagnreyndri þjónustu og stytta biðtíma.

Endurhæfingarteymi Heimahjúkrunar HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi var komið á laggirnar á árinu. Í teyminu starfa fimm starfsmenn í 50-100% starfi, en teymið samanstendur af iðjuþjálfara, sjúkrapjálfa, hjúkrunarfræðingi, félagsliða og sjúkraliða.

Markmiðið með stofnun teymisins er að gera sjúkum og/eða öldruðum kleift að dvelja lengur heima. Veitt er fyrirbyggjandi þjónusta og markviss þjálfun í heimahúsum til að vinna að aukinni sjálfshjálpargetu í verkefnum daglegs lífs. Teymið er í nánu samstarfi við starfsfólk heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana, aðila sem koma að málefnum aldraðra og fatlaðra í þessum þremur bæjarfélögum, ættingja og fleiri aðila.

Á árinu jókst samstarf milli Landspítala og heilsugæslunnar til að tryggja rétta þjónustu á réttum stað til hagsbóta fyrir skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins. Flutt voru verkefni frá Landspítala til heilsugæslunnar s.s. varðandi meðferð minnistrufllana, byltuvarnir hjá öldruðum og undirbúning fyrir liðskiptaaðgerðir. Áhersla hefur einnig verið á meðferð sykursýki sem hluta af verkefnum heilsugæslunnar.

Mikil áhersla hefur verið á að auka aðgengi skjólstæðinga að þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Nú er á öllum stöðvum opin móttaka hjúkrunarfræðinga allan daginn þar sem lækni er til staðar ef þarf. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með opnar morgunmóttökur og fjölbreytt úrval samdægurs- og skynditíma.

Stofnun Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, kynnti á fyrri hluta árs ákvörðun sína um stofnun Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH). ÞÍH byggir á grunni Þróunarstofu /Þróunarsviðs HH.

ÞÍH hefur víðtækara hlutverk og mun koma til með að leiða faglega þróun allrar heilsugæsluþjónustu í landinu með samræmingu verklags, samhæfingu milli fagfólks með áherslu á gæðaþróun og framfarir í heilsugæslu. Í heildina verða 13 störf innan Þróunarmiðstöðvarinnar og verður lögð áhersla á breiða fagþekkingu. ÞÍH starfar innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en ráðherra skipar fagráð ÞÍH.

Fagráð ÞÍH skipa fulltrúar frá öllum heilbrigðisstofnunum sem reka heilsugæslustöð sem og einn fulltrúi frá sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvum, heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri og heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Forstöðumaður ÞÍH veitir fagráðinu forystu.


Þetta er afar jákvætt skref og ber að fagna þessum áfanga í uppbyggingu heilsugæslunnar.

Mannauður

Fjölgað hefur í starfsmannahópnum í takt við aukin og ný verkefni á síðustu árum og eru starfsmenn nú um 700 talsins. Mikil áhersla hefur verið á móttöku nýliða og eflingu stjórnenda. Markmiðið er að öflugt teymi ánægðra starfsmanna veiti framúrskarandi þjónustu til skjólstæðinga.

Konur eru í miklum meirihluta í starfsmannahóp Heilsugæslunnar og af 509 stöðugildum eru 286,6 setin starfsmönnum 50 ára og eldri.

Fjöldi ársverka hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins árið 2018 skipt eftir kyni og aldri



Heilsugæslan tók þátt í Stofnun ársins 2018 sem er starfsánægjukönnun meðal starfsmanna ríkisins. Svarhlutfall var 44% og var Heilsugæslan í 63. sæti stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri. Hæstu einkunnir heilsugæslunnar snéru að starfsanda, stjórnun, sjálfstæði í starfi og jafnrétti. Lægstu einkunnir snéru að launakjörum og vinnuskilyrðum.

Fjölgun í sérnámi í heimilislækningum hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi Heilsugæslunnar. Á 15 heilsugæslustöðvum HH starfa nú samtals 109 sérfræðingar í heimilislækningum í 93,2 störfum. Sérfræðingar í heimilislækningum eru talsvert fleiri nú en á árinu 2009, þeim hefur fjölgað úr 93 í 109, en mun fleiri eru í hlutastarfi nú heldur þá og þá var sömuleiðis enginn starfandi sérfræðingur eldri en 70 ára.

Ársverk sérfræðinga í heimilislækningum

Aldur	2018	2009
34-39 ára	14	0,9
40-49 ára	17,9	34,65
50-59 ára	29,7	33,22
60-69 ára	26,1	20,9
70 ára og eldri	5,5	0
Samtals stöðugildi	93,2	89,7

Það eru fleiri í elsta aldurshópnum núna og nýliðunin er mest í yngsta hópnum, sem bendir til þess að nýútskrifaðir sérfræðingar skili sér í starfa hér á landi að loknu sérnámi.

Innan hjúkrunarhópsins eru einnig vísbendingar um að yngri hjúkrunarfræðingum er að fjölga. Árið 2015 fór af stað sérnám í heilsugæsluhjúkrun sem er 60 eininga diplómanám í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Markmið sérnámsins er að auka þekkingu og færni hjúkrunarfræðinga í viðfangsefnum heilsugæsluhjúkrunar. Þrjátíu og einn hjúkrunarfræðingur hefur lokið sérnámi í heilsugæsluhjúkrun, þar af tuttugu frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Meirihluti þessara hjúkrunarfræðinga halda áfram og ljúka meistarárgáðu í heilsugæsluhjúkrun.

Unnið var að starfsþróunarkerfi hjúkrunarfræðinga á árinu sem var undirritað í nóvember. Með nýju starfsþróunarkerfi er lögð áhersla á að efla faglega færni og þróun heilsugæsluhjúkrunar innan HH.

Fimm stofnanasamningar voru gerðir á árinu. Þeir voru við félög hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sálfræðinga og sjúkraliða, en þessar stéttir eru fjölmennar hjá stofnuninni.

Jafnlaunavottun

Þann 1. janúar 2018 tóku gildi breytingar við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla. Með þeim er fyrirtækjum og stofnunum skylt að sýna fram á að þau greiði jöfn laun fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Jafnlaunastaðallinn, ÍST 85:2012, er lagður til grundvallar jafnlaunavottun samkvæmt lögnum. Markmið staðalsins er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum og auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað sínum. Jafnlaunakerfið felur í sér jafnlaunastefnu byggða á jafnréttisáætlun þar sem tilgangurinn er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað. Í jafnréttisáætlun HH eru stjórnendur og aðrir starfsmenn minntir á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs og stöðu að öðru leiti og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

Frá miðju ári 2018 hefur farið mikil vinna í mótun og innleiðingu jafnlaunakerfis en HH mun hljóta lögbundna vottun fyrir árslok 2019.

Persónuvernd

Unnið var að innleiðingu nýrra persónuverndarlaga sem tóku gildi á vormánuðum. Þau fela í sér aukna réttarvernd einstaklinga, auknar skyldur um skjölun, ferla, verklagsreglur og samninga, nýjar og sjálfstæðar skyldur vinnuaðila og stórauknar sektarheimildir.


Vinnuhópur er að störfum en verkefnið er margþætt og lýtur m.a. að eftirfarandi:

- Meta að hvaða leyti þarf að bæta vitund og þekkingu á persónuverndarreglum
- Kortleggja persónuupplýsingar og hvaða vinnsla á sér stað
- Kanna lagalegan grundvöll vinnslu, hvernig samþykkis er aflað og hvernig það er orðað
- Meta hvort að núverandi vinnsla og ferlar eru í samræmi við nýjar reglur, t.d. varðandi flutningshæfi og eyðingu gagna
- Skipuleggja ferla ef brot eiga sér stað
- Móta og sérsníða persónuverndarstefnu
- Gera öryggis- og reglufylgnipróf til að meta áhættu og þörf á umbótum
- Móta almenna stefnu og aðgerðaáætlunar og framkvæmd hennar.
- Gera persónuverndarmat til að tryggja að allir helstu þættir séu til staðar.

Efling samskipta og miðlunar

Nýtt símkerfi var tekið í notkun á fyrrihluta ársins hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) en því miður hefur verið nokkuð um það undanfarin misseri að símkerfið réði ekki við álagið þegar það var mest. Nýja símkerfið gerir okkur kleift að veita betri þjónustu. Tölfræði úr nýja kerfinu gefur til kynna 87% svörun símtala.

Í tengslum við þetta voru tekin upp ný símanúmer. Nýju númerin byrja öll á 513- og aðal númerið er 513-5000.






Nýr vefur fór í loftið í september. Þetta er fjórða útgáfan af vef HH. Leiðarljósið að þessu sinni var að gera þjónustu heilsugæslustöðvanna meira áberandi og byggt var á gögnum um leitir og síðuskoðun af eldri vef. Nýi vefurinn hentar farsímum og öðrum smátækjum enda sýna tölur að um helmingur heimsóknna á vefinn er úr slíkum tækjum. Einnig var lögð áhersla á að uppfylla staðla um aðgengi fyrir alla óháð getu eða sérþörfum. Í hverri viku eru oft um 10.000 gestir og 19.000 heimsóknir á vefinn.

Áhersla hefur verið á fleiri leiðir til að koma upplýsingum um þjónustu okkar á framfæri. Þar má nefna Facebook síðu HH, og viðtöl í ýmsum miðlum, t.d. regluleg viðtöl á Bylgjunni á síðustu mánuðum ársins. Áætlanir eru um að gera enn betur á árinu 2019 og þá í samstarfi við aðra til að bæta flæði notenda um heilbrigðiskerfið.

Netspjall Heilsuveru sem er samstarfsverkefni HH og Embættis landlæknis er mikið notað en á árinu höfðu 1.437 samband á spjallinu. Opið var í 708 klukkustundir á árinu. Það eru um það bil 5 klukkustundir hvern virkan dag sem spjallið var opið. Oftast er verið að leiðbeina fólki um Mínar síður Heilsuveru og um leiðir í heilbrigðiskerfinu, en líka sjúkdóma og veikindi, lyfjanotkun og annað.

Fræðsluvefur Heilsuveru verður sífellt öflugri og í október fór Þjónustuvefsjá í loftið.

Mínar síður Heilsuveru eru að festa sig í sessi og nú liggja í fyrsta skipti fyrir tölur um samskipti í Heilsuveru í lykiltölum um þjónustu hér aftar í skýrslunni. Mikil aukning í rafrænum samskiptum var á árinu.



Rekstur 2018

Ársreikningurinn í heild verður birtur á vef HH, www.heilsugaeslan.is

Rekstraryfirlit

	2018	2017	Breyting (%)
Tekjur			
Ríkisframlag	2.201.741.016	1.957.989.559	12,45%
Seld þjónusta ¹	5.775.333.615	5.629.167.795	2,6%
Aðrar tekjur	275.145.123	362.332.634	-24,06%
Tekjur samtals	8.252.219.754	7.949.489.988	3,81%
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	6.274.959.025	6.079.277.071	3,22%
Önnur gjöld	1.965.307.068	1.840.263.364	6,79%
Gjöld samtals	8.240.266.093	7.919.540.435	4,05%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	1.569.673	1.589.010	-1,22%
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(2.218.459)	(800.875)	177%
Afkoma ársins	11.304.875	30.737.688	-63,22%

¹ Stærstur hluti seldrar þjónustu er framlög frá Sjúkratryggingum Íslands úr fjármögnunarlíkani fyrir heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Af öðrum eiginlegum sértekjum vega komugjöld þyngst, um 48,7%.

Kostnaður sundurliðaður eftir viðfangsefnum

Heilsugæslustöðvar

	2018	2017	Breyting (%)
Heilsugæslan Árbæ	535.976.596	459.991.000	16,52%
Heilsugæslan Efra Breiðholti	347.902.923	297.380.000	16,99%
Heilsugæslan Efstaleiti	340.701.507	290.398.000	17,32%
Heilsugæslan Fjörður	406.503.888	353.089.000	15,13%
Heilsugæslan Garðabæ	394.566.765	334.532.000	17,95%
Heilsugæslan Glæsibæ	320.152.934	272.090.000	17,66%
Heilsugæslan Grafarvogi	450.434.245	416.168.000	8,23%
Heilsugæslan Hamraborg	332.734.480	292.910.000	13,60%
Heilsugæslan Hlíðum	303.986.092	249.478.000	21,85%
Heilsugæslan Hvammi	320.022.239	266.946.000	19,88%
Heilsugæslan Miðbæ	348.400.231	267.432.000	30,28%
Heilsugæslan Mjódd	299.609.732	235.395.000	27,28%
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	348.689.897	361.757.000	-3,61%
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	436.164.171	350.302.000	24,51%
Heilsugæslan Sólvangi	528.700.676	429.204.000	23,18%
Samtals	5.714.546.376	4.877.072.000	17,17%

Sérþjónusta

	2018	2017	Breyting (%)
Heimahjúkrun HH	718.226.539	612.484.000	17,26%
Þroska- og hegðunarstöð	277.140.758	197.558.000	40,28%
Göngudeild sóttvarna	142.898.602	45.884.000	211,43%
Geðheilsuteymi HH austur	99.497.569	83.498.000	19,16%
Geðheilsuteymi HH vestur ²	37.779.587	0	
Geðheilsa iðjubjálfun	34.432.882	44.237.000	-22,16%
Samtals	1.309.975.937	983.661.000	33,17%

Skrifstofa og verkefni

	2018	2017	Breyting (%)
Skrifstofa og Þróunarsvið ³	662.014.455	608.638.000	8,77%
Deild rafrænnar þjónustu	205.318.682	148.254.000	38,49%
Samtals	867.333.137	756.892.000	14,59%

² Geðheilsuteymi HH vestur hóf störf í september 2018 en lykilstarfsmenn tóku fyrr til starfa. Geðheilsa iðjubjálfun hætti á svipuðum tíma.

³ Þróunarsvið, sem hefur verið hluti af Skrifstofu varð sjálfstæð Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu haustið 2018 en er hér talin með skrifstofu allt árið 2018.

Mannauður 2018

Ársverk eftir starfsstöðvum

	2018	2017
Heilsugæslustöðvar		
Heilsugæslan Árbæ	29,9	30,7
Heilsugæslan Efra Breiðholti	20,3	21
Heilsugæslan Efstaleiti	20,3	22,3
Heilsugæslan Fjörður	23,4	26,5
Heilsugæslan Garðabæ	24,5	24,9
Heilsugæslan Glæsibæ	17,3	17,2
Heilsugæslan Grafarvogi	28	31
Heilsugæslan Hamraborg	19,2	20,8
Heilsugæslan Hlíðum	18,6	19
Heilsugæslan Hvammi	20,1	19,8
Heilsugæslan Miðbæ	20,6	21,1
Heilsugæslan Mjódd	20,3	21,6
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	24,9	24,6
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	24,8	26,1
Heilsugæslan Sólvangi	32,3	35,5
Heilsugæslustöðvar samtals	344,5	362,1
Sérþjónusta		
Geðheilsa-Eftirfylgd ⁴	2,6	3,5
Geðheilsuteymi HH austur ⁴	7	3,9
Geðheilsuteymi HH vestur ⁴	1,8	0
Göngudeild sóttvarna ⁵	5,4	3,7
Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi	68,6	67,2
Þroska- og hegðunarstöð	24,2	24,5
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu / Þróunarsvið ⁶	8,4	7,9
Skrifstofa ⁷	46,4	41,8
Sérþjónusta samtals	164,4	152,5
Allar starfsstöðvar samtals	508,9	514,6

⁴ Talsverðar breytingar voru á starfstöðvunum: Geðheilsa–Eftirfylgd og Geðheilsuteymum HH á árunum 2017 og 2018. Geðheilsuteymi HH austur (áður Geðheilsustöð Breiðholts) færðist til HH 1. mars 2017. Geðheilsuteymi HH vestur sem tók við af Geðheilsu-Eftirfylgd, var stofnað á árinu 2018. Starfsemin hófst í september en lykilstarfsmenn hófu störf fyrr.

⁵ Fjölgunin á Göngudeild sóttvarna er vegna aukinna verkefna í þjónustu við hælisleitendur samkvæmt samningi við HH við Útlendngastofnun.

⁶ Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu hóf formlega störf 1. október en flestir starfsmennirnir komu af Þróunarsviði Skrifstofu. Ársverkatölurnar hér eru fyrir þessar einingar saman.



⁷ Allar þessar breytingar geta haft áhrif á ársverkatölu þessara starfsstöðva og á ársverkatölu Skrifstofu og skal taka skiptingunni með fyrirvara þó heildartalan sé rétt.

Ársverk eftir stéttarfélögum

	2018	2017
Félag íslenskra félagsvísindamanna	0,6	0
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	138,6	138,9
Félag lífeindafræðinga	1	1,8
Félag sjúkraþjálfara	2,9	2,6
Félagsráðgjafafélag Íslands	3,2	3,1
Fræðagarður	7,6	4,4
Iðjuþjálfafélag Íslands	3,3	3,4
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	10,3	8,7
Kjararáð og utan félaga	2	2,1
Ljósmeðrafélag Íslands	20,8	21,1
Lyfjafræðingafélag Íslands	0,5	0,5
Læknafélag Íslands	131,4	135,8
Starfsmannafélög Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar	6	7,7
Sálfræðingafélag Íslands	31,2	28,3
SFR - Stéttarfélag í almannapjónustu	108,3	115,3
Sjúkraliðafélag Íslands	38,9	39,2
Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga	1	1,1
Þroskaþjálfafélag Íslands	1,3	0,6
Samtals	508,9	514,6

Lykiltölur um þjónustu 2018

Hér má sjá heildarsamskiptatölur fyrir heilsugæslustöðvar HH á árinu 2018 í samanburði við árin á undan.



Heilsugæslustöðvar – heildarsamskipti eftir stöðvum

Tölur með síðdegisvakt en án námskeiða

	Viðtal	Símtal	Vitjun	Heilsuvera
Heilsugæslan Árbæ	40.021	29.218	878	7.534
Heilsugæslan Efra Breiðholti	23.896	29.010	214	3.606
Heilsugæslan Efstaleiti	24.381	19.126	382	3.236
Heilsugæslan Fjörður	28.223	24.315	390	4.397
Heilsugæslan Garðabæ	31.062	26.536	519	3.117
Heilsugæslan Glæsibæ	20.230	15.496	445	3.511
Heilsugæslan Grafarvogi	27.448	25.473	550	4.108
Heilsugæslan Hamraborg	20.829	18.659	390	5.347
Heilsugæslan Hlíðum	22.522	21.780	517	2.724
Heilsugæslan Hvammur	22.518	25.159	351	2.683
Heilsugæslan Miðbæ	25.794	21.510	551	2.302
Heilsugæslan Mjódd	20.577	20.104	400	4.571
Heilsugæslan Mosfellsbæ	23.440	18.431	530	4.795
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	35.508	32.213	818	3.957
Heilsugæslan Sólvangi	39.147	33.840	705	9.286

Heilsugæslustöðvar - Fjöldi samskipta eftir þjónustuflokkum með síðdegisvakt

	Viðtal	Símtal	Vitjanir	Heilsuvera	HAM námskeið
Almenn læknishjálp	252.058	275.542	146		
Hjúkrun	95.672	64.926	2.304		
Mæðravernd	21.580	8.200			
Ungbarnavernd	28.392	7.964	5.190		
Sálfræðiþjónusta	7.180	3.614			
Hreyfiseðlar	745	556			
Heilsuvera				65.159	
HAM námskeið					1.601

Heilsugæslustöðvar - Fjöldi samskipta eftir fagstéttum með síðdegisvakt

	Viðtal	Símtal	Vitjanir	Heilsuvera	HAM námskeið
Læknar	275.603	281.051	191	59.447	12
Hjúkrunarfræðingar & ljósmæður	148.580	83.207	7.497	208	184
Sálfræðingar	7.082	3.619		21	1.416
Hreyfistjórar	761	559		2	
Annað	387	14		1	

Sérþjónusta - Fjöldi samskipta

	Viðtal	Símtal	Vitjanir
Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi ⁸	416	19.122	118.352
Geðheilsuteymi HH	2.490	3.504	1.207
Göngudeild sóttvarna	7.555	585	
Þroska- og hegðunarstöð	1.839	1.581	
Þróunarsvið/ÞÍH	268	43	
Samtals	12.568	24.835	119.559

Heilsuvernd skólabarna skólaárin 2017-2018 og 2016-2017

Þessar tölur eru úr Ískrá

	2017-2018		2016-2017	
	Skólar á vegum HH	Meðaltal á hvern nemanda	Skólar á vegum HH	Meðaltal á hvern nemanda
Fræðsla samkvæmt skipulagi	85.694	3.4	83.528	3,4
Önnur fræðsla	51.684	2.1	48.346	2,0
Viðtöl um heilsu og líðan	9.255	0.4	9.525	0,4
Bólusetningar	6.960	0.3	6.974	0,3
Einstaklingsþjónusta	33.477	1.3	34.708	1,4
Skimanir	19.891	0.8	20.124	0,8
Samtals samskipti	206.961	8.3	203.205	8,3
Nemendafjöldi	24.842		24.607	

Þroska- og hegðunarstöð 2018

Nýjar tilvísanir til þroska- og hegðunarstöðvar	520
Tilvísanir í nánari greiningu (ADHD og skyldar raskanir)	494
Tilvísanir í frumgreiningu	26
Tilvísanir afgreiddar á árinu	490
Fjöldi í formlegt greiningaferli eða viðtal	379
Þar af frumgreining þroskafrávika	23
Þar af nánari greining á ADHD og skyldum röskunum	358
Þátttakendur á færniþjálfunarnámskeið fyrir foreldra eða börn	285

⁸ Eina heilsugæslustöðin sem veitir heimahjúkrun er Heilsugæslan Mosfellsumdæmi og hún er talin hér með.